



## - UMSÖGN -

<b>Vörulýsing:</b>	<b>Hitahert öryggisgler til almennrar notkunar í byggingar.</b>
<b>Vöruheiti:</b>	<b>Hert glært flotgler, Hert Clearvision extra glært, Hert Linea Azzurra, Hert sýrað, Hert brons reyklitað, Hert Planibel G, Hert Planibel A, Hert Sunergy, Hert Stopsol og Hert Blackpearl, þ.e. alls 10 megingerðir.</b>
<b>Umsagnarhafi:</b>	Glerverksmiðjan Samverk ehf., Eyjasandi 2, 850 Hellu.
<b>Framleiðandi:</b>	Glerverksmiðjan Samverk ehf., Eyjasandi 2, 850 Hellu.
<b>Staðfestingargögn:</b>	<b>1. Skýrslur tilnefndra prófunarstofa viðvirkjandi upphafsgerðarprófunum og –útreikningum, sem staðfesta samræmi við staðalinn ÍST EN 12150-2, sem er samhæfður evrópskur staðall og krefst því CE-merkingar vörunnar. 2. EC-samræmisfirlýsing framleiðanda, dags. 10. janúar 2012, sjá fylgiskjal.</b>

### Laga- og reglugerðarákvæði

Helstu ákvæði, sem umsögn þessi byggist á, eru: 1. Lög um mannvirki, nr. 160/2010, 39. gr. 2. Byggingarreglugerð, nr. 112/2012, gr. 5.1.1 og gr. 5.1.4. 3. Reglugerð um viðskipti með byggingarvörur, nr. 431/1994, 3. og 4. gr.

### Forsendur, fyrirvarar og ábendingar

- Á vörunni sjálfri eða í afhendingargögnum skulu eftirfarandi merkingar koma fram: heiti vörunnar, heiti eða auðkenni og aðsetur framleiðandans og númer ofangreinds staðals, auk tækniupplýsinga skv. lið ZA.3 í staðlinum; af þessu skal heiti eða auðkenni framleiðandans og númer staðalsins sjást varanlega á vörunni; þá skal **CE-merkið** vera skýrt ásamt tveimur síðustu tölustöfum árs merkingarinnar.
- Ákvæði ofangreinds vörustaðals krefjast tilnefnds aðila einungis til að annast upphafsgerðarprófun; þessu samkvæmt er ekkert vottorð gefið út.
- Umsögn þessi nær einungis til vöru þeirrar, sem lýst er í ofangreindri EC-samræmisfirlýsingu.
- Ekki liggja fyrir upplýsingar um tilvist neinna séríslenskra gagna, sem skilgreina kröfur fyrir hitahert öryggisgler til umræddra nota.
- Hönnun og frágangur skal vera í samræmi við lýsingu framleiðanda; eiginleikum vörunnar og skilyrðum við notkun hennar, sem framleiðandinn tilgreinir og sem fram koma í ofangreindum staðli, skal ekki ofgert við álag, þar sem hitaherta öryggisglerið er staðsett.
- Í RB-blöðunum Rb(31).121.1, 2 og 3 er að finna upplýsingar um val glergerða, sbr. Byggingarreglugerð, nr. 112/2012, gr. 8.5.2.

### UMSAGNARORÐ

Á ofangreindum staðfestingargögnum er ekki að sjá að umræddar vörur brjóti í bága við íslenskar reglugerðir eða lög við notkun sem hitahert öryggisgler í byggingar. Nýsköpunarmiðstöð Íslands er tilnefndur aðili sem prófunarstofa (notified test laboratory), nr. 1066, fyrir hitahert öryggisgler. Gengið hefur verið úr skugga um að framleiðandinn hafi uppfyllt skilyrði til CE-merkingar.

**Umsögn þessi fellur úr gildi verði breytingar á vörunni, merkingum hennar, ákvæðum laga, reglugerða eða staðla sem eiga við vöruna eða notkun hennar.**

Útgáfudagur: 5. mars 2013

  
Rögnvaldur S. Gíslason,  
vottunarstjóri.

  
Jón Sigurjónsson,  
yfirverkfræðingur.

FYLGISKJAL: EC-samræmisfirlýsing framleiðanda (ein bls.).